

Ártal	Lið/Skrifstofa	Verkefnahópur	Verkefni
2015	USK	Hreinn Ólafsson, Borghildur Sturludóttir, Kristinn Jón Eysteinnsson, Ársæll Jóhannsson og Steinunn Rögnvaldsdóttir	Hjólreiðar

Helstu niðurstöður

Í heildina fara karlar 6,6% ferða sinna á hjóli en aðeins 2,5% ferða kvenna eru farnar á hjóli. Í athugasemdum verkefnahópsins við drög að hjólreiðaáætlun er lögð áhersla á að áttak verði gert til að kynna hjólreiðar sem samgöngumáta, sem beinist þá sérstaklega að konum og stúlkum. Einnig er lagt til að skoðað möguleikar sem felast m.a. í yfirbyggðum hjólaskýlum við vinnustaði, rannsóknum um viðhorf til hjólreiða þar sem leitast er við að fá fram svör sem snúa að öryggi frá víðu sjónarhorni og staða hjólreiða innan hverfa, þá að hún sé skoðuð og borin saman við stofnleiðir.

Tillögur að aðgerðum

Átak til að kynna möguleika borgarbúa á hjólreiðum sem samgönguvalkosti – sjónum verði beint sérstaklega að konum og stúlkum.

☒ Skoða ætti því alvarlega hvort leggja ætti enn meiri áherslu á yfirbyggð hjólaskýli við vinnustaði borgarinnar, t.d. skóla.

☒ Könnun á öryggistilfinningu og viðhorfi fólks til hjólreiða (á árinu 2017) – Mikilvægt er að í slíkri könnun verði upplýsingar kyngreindar og að hugsað verði út fyrir kassann þegar kemur að öryggi, þ.e.a.s. spurt verði um öryggi frá efnahagslegu sjónarhorni, tímapressu, sveigjanleika á vinnustað o.fl. meðfram spurningum um öryggi á hjólastígum og í umferðinni.

☒ Sá möguleiki er fyrir hendi að konur séu meira í erindagjörðum í nærumhverfi sínu og er þá vert að skoða hjólreiðasamgöngur innan hverfa samanborið við stofnleiðir.

Æskilegt væri að framkvæma greiningu á hvernig aðstaða til hjólreiða innan hverfa sé.

☒ Samgöngustefna og samgöngusamningar vinnustaðarins taki tillit til þess að skipting heimilisstarfa er í meirihluta tilfella þannig að konur bera meiri ábyrgð á þeim.

☒ Aðgerðir sem miða að samþættingu hjólreiða og almenningsamgangna til að auðvelda farþegum almenningsamgangna að fara fyrsta og/eða síðasta spölinn á hjóli, fela í sér jákvæða þróun þar sem hægt verður að ná til fleiri borgara sem búa í úthverfum og fjarri vinnu.

☒ Skerpa þyrfti á markmiðum um aðstæður á vinnustöðum til hjólreiða, s.s. sturtuaðstöðu.

Staða framkvæmdar (í apríl 2018)

1. Reykjavíkurborg hefur raðist í þau tilraunaverkefni að lana 100 völdum einstaklingum, í 4 hópum, rafhjóla til einkanota í 5 vikur í senn til þess að mæla áhugann og safna saman upplýsingum notenda um gagnsemi þess að nýta rafhjóla og ferðast þannig á vistvænni máta og hvort því fylgi aukinn áhugi á nýta hjóla sem ferðamáta til og frá vinnu eftir að hafa fengið að nota rafhjóla til að fara til og frá vinnu. Valið er óháð og jafnt kynjahlutfall er í verkefninu og reynt að velja þátttakendur þannig að fjölbreytnin sé sem mest. 2. Árangur af þessu verkefni er að líta dagsins ljós með þeim framkvæmdum sem staðið hafa yfir á árinu 2017-2018. Gerð hefur verið skýrsla þar sem framkvæmd var talning á hjólum og hjólastæðum við hvern skóla til að meta eftirspurnina, óháð kynjum. 3. Ekki hefur verið gerð könnun á þessu aftur. Tækifæri til þess meðal þess hóps sem eru þátttakendur er í tilraunaverkefni sem nú stendur yfir með rafhjóla, 3 kannanir verða lagðar fyrir þann hóp. Við upphaf verkefnis, á meðan verkefnið stendur yfir og nokkrum mánuðum eftir að verkefni lýkur. 4. Í nýju skipulagi er gert ráð fyrir nýjum hjólatengingum úr hverfum inn á stofnstígakerfi og taka á tillit til þess jafnóðum og eldri skipulög eru tekin til endurskoðunar. Nú eru komin út drög að nýjum leiðbeiningum fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um hönnun reiðhjólástíga. Þar er tekið á öllum þáttum sem snúa að öryggissatriðum í þágu notenda. Allt til þess að gera upplifun og öryggis tilfinningu á stígum sé eins og best verði á kosið hverju sinni. 5. Reykjavíkurborg bíður nú upp á að starfsmenn geri samgöngusamning þess efnis að það komi ekki á bil 3 daga vikunnar og ferðist með öðrum samgönguhætti til og frá vinnu í staðinn. 6. Ekki hefur verið unnið sérstaklega með þennan hluta, annað en að í gang er farið mjög stórt verkefni um framtíðar hágæða samgöngukerfi innan höfuðborgarsvæðisins þar sem tekið verður tillit til allra þessara þátta. Borgarlína hefur verið mikið í umræðunni sem framtíðarlausnin. Að sjálfsgöðu verður unnið áfram að því að samþætta núverandi almenningssamgöngur og hjóla á sama tíma og borgarlína byggist upp. 7. Einkareikið fyrirtæki sem hefur helgað sig uppbyggingu hjólaþamennningar á Íslandi, Hjólaþæfni, hefur sett á laggirnar fyrirkomulag fyrir Hjólavottun vinnustaða, sem er hvati fyrir vinnustaði til þess að gerast hjólavænir vinnustaðir með tilheyrandi innviða uppbyggingu sem styðja við auknar hjólaþæfni og minnkun á notkun einkabílsins til og frá vinnu. Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar hefur þegar hlotið silfurvottun frá fyrirtækinu sem er fyrsta vottun sem veitt hefur verið hjá Reykjavíkurborg. Hjólaþæfni hefur fengið styrk frá Reykjavíkurborg til þess að vinna áfram að þessum þáttum og hvetja vinnustaði til þess að stuðla að hjólavænum umhverfi fyrir starfsmenn sína. Verkefni á borð við rafhjóla-verkefni sem Reykjavíkurborg stendur fyrir hefur mælst vel fyrir innan fyrirtækja þar sem starfsfólki